

FRAMHALDSSKÓLINN Í
VESTMANNAEYJUM

Sjálfsmat FÍV 2006-2007

Júní 2007

Inngangur	3
1. Stefnuskrá Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum	4
2. Lýsing á starfsemi skólans	5
2.1. Hlutverk	5
3. Umfang	5
3.1. Nemendur	5
3.1.1. Kynjahlutfall nemenda	6
3.1.2. Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum	6
3.2. Starfsfólk	7
3.2.1. Kennarar	7
3.3. Húsnæði	7
3.4. Starfstími	8
3.5. Kennslustundir og áfangar	8
4. Rammi um sjálfsmat FÍV	8
5. Sjálfsmat árið 2006 -2007	9
6. Niðurstöður sjálfsmats	10
6.1. Mat á vinnubrögðum nemenda	10
6.2. Námsframboð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum	10
6.3. Viðhorf samfélagsins til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum	10
6.4. Líðan nemenda	11
6.5. Kennslukönnun (áfangamat)	12
6.6. Niðurstöður áfangamats:	12
6.7. Könnun á mannauði	13
6.7.1. Niðurstöður	13
6.7.1.1. Ánægja starfsmanna	13
6.7.1.2. Upplýsingastreymi	13
6.7.2. Viðhorf til vinnustaðarins	14
7. Greining tölfræðilegra gagna	14
7.1. Mætingar nemenda	14
7.2. Niðurstöður prófa	15
8. Samstarf við aðra skóla	15
9. Þróunarverkefni	15
10. Samantekt og umbótaáætlun	15

Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi FÍV. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum.

Svo sem kom fram í inngangi sjálfsmatsskýrslu skólans frá í fyrra, þá hefur nú um töliverðan tíma verið unnið að innleiðingu sjálfmatskerfis fyrir skólann og því spáð að árangur mætti sjá í þeirri skýrslu er hér fer. Og vissulega sér þess mjög merki. Í 5. og 6. kafla er með myndrænum hætti sett fram hversu við teljum okkur hafi miðað að ná markmiðum skorkorts og þar með stefnuskrár skólans.

Það er ásetningur okkar að halda áfram á sömu braut og munum í næstu skýrslu hafa í höndum mælingar er taka til þeirra þátta í skorkorti sem enn hefur ekki náðst til.

1. Stefnuskrá Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla.

▪ Hlutverk

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð. Jafnframt mun skólinn leitast við að skapa sér sérstöðu og bjóða upp á nám sem laðar að nemendum annars staðar af landinu.

▪ Leiðarljós

Leiðarljós skólans er að námið og skólastarfið almennt stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

▪ Markmið og leiðir að markmiðum

Svo Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum megi þjóna því hlutverki sem honum er ætlað, stefnir hann að þremur meginmarkmiðum. Þau markmið eru tilgreind hér að neðan ásamt leiðum til að ná þessum markmiðum.

1. Skólinn

Markmið: að bjóða upp á fjölbreytt og gott nám.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að

- leggja áherslu á námsframboð í samræmi við þarfir samfélagsins
- efla samvinnu við ýmsa aðila (íbúa, fyrirtæki og aðra skóla)
- efla kennslu.
- efla stoðþjónustu.

2. Nemandinn

Markmið: að nemendur öðlist víðsýni, þekkingu og sjálfstraust svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að:

- hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýninni hugsun.
- efla hollt félagslíf nemenda.
- efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.

3. Umgjörð, stjórnun, ímynd mannaður

Markmið: að stafsfólki og nemendum líði vel í skólanum og stuðla þannig að vexti og eflingu skólans innávið og útávið.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að:

- gera stjórnun skilvirka.
- hafa boðleiðir greiðar.
- fylgja eftir reglum skólans og tryggja að umgengni innan skólans og á skólalóð sé ætíð í góðu lagi.
- skapa gott húsnæði og bæta búnað.
- efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans.

2. Lýsing á starfsemi skólans

2.1. Hlutverk

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli í Vestmannaeyjum og starfar skv. Lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996. Í lögnum segir m.a: Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugar þekkingarleitar. Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti að halda úti kennslu á þeim námsbrautum sem tilteknar eru í 4. kafla¹ samningsins og brautskrá þá nemendur er ljúka þar skilgreindum lokaprófum. Skólinn rækir hlutverk sitt með hliðsjón af nemendafjölda og því fjármagni sem hann hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Námsbrautir

Starfræktar voru eftirfarandi brautir við skólann:skv. Aðalnámskrá 1999


- Almenn námsbraut
- Viðskiptabraut
- Vélstjórnarbraut 1. stig, vélstjórnabraut 2. stig
- Sjúkraliðabraut og sjúkraliðabru
- Viðbótarnám til stúdentsprófs
- Stúdentsprófsbrautirnar:
 - Félagsfræðabraut
 - Málabraut
 - Náttúrufræðibraut

3. Umfang

3.1. Nemendur


293 einstaklingar voru í námi við FÍV á haustönn í sem samsvarar rúmlega 250 nemendaígildum. 9 einstaklingar skiluðu sér ekki í upphafi annar og 27 einstaklingar hættu námi fyrir próf. Að auki voru skráðar 21 úrsögn úr einstaka áföngum. 19 nemendur útskrifuðust með stúdentspróf í desember og 12 nemendur útskrifuðust úr verknámi.

Aldursdreifing haust 2006



¹ Í 4 kafla skólasamnings 2006-2008 er skólanum heilmilt að starfrækja eftirtaldar brautir;AN, FÉ, FT, GBM, GR, HÚ8,MB, MG, MR8, NÁ, PL9, S30, SJ, SK1, SK2, ST1, ST3, VI, VSS, VV1, VV2.



257 nemendur hófu nám á vorönn. 225 nemendur gengust undir próf. Útskrifaðir voru 20 stúdentar, 9 sjúkraliðar, 1 vélstjóri II. stigs og einn með verslunarpróf.



3.1.1. Kynjahlutfall nemenda.

Á haustönn 2006 voru 43% nemenda kk og 57% kvk. Á vorönn 2007 eru 45% kk og 55% kvk.

3.1.2. Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum




3.2. Starfsfólk


Við skólann starfa 15-20 kennarar á hvorri önn, 3 yfirstjórnendur (tveir í hlutastarfi og sinna jafnframt kennslu), 1 fjármálastjóri (í hlutastarfi), 6 verkefnisstjórar (sem eru kennarar), 2 brautarstjórar (sem eru kennarar) og einn kennari hefur umsjón með verklegri stofu. 1 námsráðgjafi (í hlutastarfi), 1 hjúkrunarfræðingur (í 25% starfi) 1 bókasafnsfræðingur (í hlutastarfi), 1 kerfisstjóri (í hlutastarfi), 1 skrifstofustjóri (í hlutastarfi), 1 húsvörður, 1 matráðskona (í hlutastarfi) og 5-7 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er um 35.

3.2.1. Kennarar

Fjöldi kennara var að meðaltali 20 á árinu. Í kennslu voru stöðugildi á vorönn rúmlega 19 en alls voru stöðugildin við skólann 31, en þá er allt meðtalið. Réttindalausum kennurum hefur fækkað mjög og þeir sem enn eru án tilskilinna réttinda eru allir í námi.



Í vetur stundar einn leiðbeinandi nám í uppeldis- og kennslufræðum með starfi við HA og lýkur núna í vor, einn leiðbeinandi er í stærðfræðinámi við KHÍ. Fjórir starfsmenn hófu uppeldis- kennslufræðinám við KHÍ í janúar. Tveir starfsmenn eru í meistaranámi samhliða starfi við HÍ



Kynjaskipting meðal kennara er kvenkyninu í óhag en einungis 31% kennara eru konur. En þegar allt starfsfólk er skoðað þ.m.t. ræstingafólk er kynjaskiptingin nær jöfn.

3.3. Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 3172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 14 kennslustofur, 1 stórt rými með borðum fyrir nemendur sem jafnframt er hátíðarsalur og notaður í prófum, skrifstofur og bókasafn.

Skólinn er ágætlega tækjum búinn, skjávarpar og tölvur eru í hverri kennslustofu. Á bókasafni skólans eru um 10000. bókatitlar, 100 myndbanda, 60 geisladiskar og í áskrift eru 20 tímarit.

Á bókasafninu eru einnig vinnuborð og lessalur fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að tölvum á bókasafni og geta nýtt sér tölvustofu skólans þegar þar er ekki verið að kenna. Sólhýsi sem í er aðstaða fyrir nemendur var endurnýjað. Þá voru kvennasalarni endurnýjuð.

Vinnuástaða kennara er mjög góð, allir hafa til afnota vinnuhorn í þar til gerðu vinnuherbergi kennara. Í sal skólans er búið að koma upp rafdrifnu tjaldi og öflugum skjávarpa.

3.4. Starfstími

Skólinn er opinn 10 mánuði á ári en kennsla fer fram í 9 mánuði frá lokum ágústmánaðar til loka maímánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir. Haustönn sem lýkur með prófum í desemberlok og vorönn sem lýkur með prófum í maílok. Að jafnaði eru 10 dagar notaðir fyrir próf á hvorri önn og 2-3 dagar í frágang þeirra. Hefð er fyrir því að útskrifað er á laugardögum.

Kennsluvikur á hvorri önn eru u.þ.b. 15 og reynt er að hafa annirnar sem jafnastar.

3.5. Kennslustundir og áfangar

Á haustönn 2006 var kennt í 82 hópum og að meðaltali voru 19 nemendur í hverjum hópi. Í byrjun annar voru nemendur skráðir í 4662 einingar en gengust undir próf í 4275 einingum.

Á vorönn 2007 var kennt í 73 hópum og að meðaltali voru 19,5 nemendur í hverjum hópi. Í byrjun annar voru nemendur skráðir í 3763 einingar, þeir gengust undir próf í 3391 einingum og stóðust 86% þeirra.

4. Rammi um sjálfsmat FÍV

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Við sjálfsmatið notum við Stefnumiðað árangursmat og má lesa meira um það tæki á heimasíðu skólans

http://www.fiv.is/Files/Skra_0019476.doc. En í stuttu máli þá hefur á undanförunum misserum hefur verið unnið að sjálfsmatskerfi sem vinnur þannig að reglubundnar mælingar eru gerðar á öllum þáttum skólastarfsins og þær síðan bornar saman við þau markmið sem við höfum sett okkur. Ef við nálgumst ekki markmiðin er gripið til aðgerða sem eiga að færa okkur nær settu marki og áhrifin sjást í næstu mælingu. Ef markmiðin nást eru sett ný eða önnur í þeirra stað. Þannig stuðlar sjálfsmatið að þróun og jákvæðum breytingum í skólastarfinu. Þessi aðferð er hluti af stefnumiðuðu árangursmati sem notað er við stjórn skólans.

Dæmi:

Í könnun meðal kennara skólaárið 2003 – 2004 kom í ljós óánægja með vinnuástöðu þeirra. Ákveðið var að bregðast við, því eitt af okkar meginmarkmiðum er að hafa ánægt starfsfólk. Byrjað var á því haustið 2004 að endurnýja og auka tölvubúnað, skjávarpar voru keyptir í allar stofur og áætlun gerð varðandi breytingar á húsnæði. Sumarið 2005 voru gerðar umfangsmiklar breytingar innanhúss, nýtt vinnuherbergi kennara, ný kennarastofa og nýjar skrifstofur aðstoðarstjórnenda voru teknar í notkun haustið 2005. Síðan þá hafa mælingar sýnt mikla ánægju með aðstöðuna.

Grunnurinn að því árangursmatskerfi sem smíðað hefur verið í FÍV er fenginn úr Balanced Scorecard kerfinu, sem margir þekkja. Helstu þrep eru:

1. Fyrst setjum við okkur stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki skólans, en um leið er þeim ætlað að bæta skólastarfið (sjá kafla 1. Stef nuskrá FÍV). Helstu markmiðum er stillt upp í skorkorti sem sýnir að hvaða þáttum (viddum) skólastarfsins þau snúa, “viðskiptavinum”, innri ferlum í skólastarfinu eða fjármálum.

2. Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig okkur gengur að ná settum markmiðum. Oft þarf að nota fleiri en einn mælikvarða á hvert markmið. Á þessu stigi fer fram hið stöðuga mat á því hvernig skólastarfið gengur, ýmist með reglubundnum könnunum, samantekt á upplýsingum sem verða til jafnt og þétt eða samanburði.

Framkvæmd mælinganna fer fram með því að;

upplýsingar eru teknar úr upplýsingakerfum skólans, Innu og bókhaldskerfinu Oracle upplýsingum er safnað með könnunum

kannanir á meðal nemenda eru rafrænar og notaður er námsskjárin.

utanaðkomandi sérfræðingar eru fengnir til að gera kannanir.

3. Til að bregðast við niðurstöðum úr áður nefndum mælingum höfum við aðgerðastig, þar sem skilgreindar eru þær aðgerðir, sem eiga að bæta árangur ef illa eða ekki gengur að ná


settum markmiðum. Hver aðgerð er skilgreind sem afmarkað verkefni, með tilheyrandi tímaáætlun, ábyrgðarmanni og eftirfylgni. Ef markmið nást eru þau endurskoðuð og ný sett.

Markmiðin, mælingarnar og aðgerðaáætlunin verða birtar á heimasíðu og um þær fjallað í árlegri sjálfsmatsskýrslu, þannig að kerfið er opið og öllum sýnilegt.

Í þeirri vinnu sem er að ljúka nú vorið 2007 eftir þriggja anna törn hefur mikil áhersla verið lögð á að virkja starfsmenn skólans og hafa flestir þeirra lagt fram umtalsverða vinnu.

5. Sjálfsmat árið 2006 -2007

Stöðu sjálfsmatsins er best hægt að lýsa með því að skoða skorkort skólans. Við höfum merkt þau markmið sem við höfum skoðað í vetur með grænum, gulum, rauðum og bleikum lit.




- Merkir að mælingar eru í samræmi við markmið
- Merkir að mælingar eru ekki alveg í samræmi við markmið en þó er um eðlileg frávik að ræða.
- Merkir að mælingar eru ekki í samræmi við markmið, skoða skal hvort ekki sé rétt að grípa til sérstakra aðgerða til að ná settum markmiðum
- Verið er að framkvæma mælingar
- Mælingar ekki hafnar

6. Niðurstöður sjálfsmats


6.1. Mat á vinnubrögðum nemenda

77,35% nemenda telja vinnubrögð sín vera góð eða til fyrirmyndar.




6.2. Námsframboð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Spurt er ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með námsframboðið Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.



6.3. Viðhorf samfélagsins til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Ertu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum?




Ánægja nemenda með skólann

Á skólaárinu var framkvæmt skólamat og áfangamat. Spurningalistarnir voru lagðir fyrir rafrænt fyrir alla nemendur skólans og var svörunin um 60%.

- Skólinn vekur mikinn eða mjög mikinn áhuga á námi og gildi menntunar hjá 34,42% nemenda.
- 56,77% nemenda telja námið í FÍV vera mjög eða fremur gagnlegt.
- 59,35% nemenda telja kennsluna í skólanum mjög eða góða.
- 76,13% nemenda telja félagslífið í skólanum vera mjög gott eða gott.
- 78,08% nemenda telja áfangana sem, þeir sitja góða eða mjög góða

Við setjum markið að 75% nemenda séu ánægðir með skólann en við náum því ekki því marki, það þarf því að skoða hvort ekki eigi að grípa til einhverja sértækra aðgerða til að því marki verði náð. Einnig þarf að endurskoða hvort þær spurningar sem lagðar eru til grundvallar ánægjuþættinum séu að mæla ánægju.




Á vorönn komu tveir gestafyrirlesarar með erindi. Gert var ráð fyrir þremur þannig að 66,67% markmiðanna náðust. Sú aðgerð að fá gestafyrirlesara er liður í að nemendur verði ánægðari með skólann, þurfum að skoða hvort við ættum að fá þá oft og gera fyrirlestra og kynningar að reglubundnum þætti í skólastarfinu.

6.4. Líðan nemenda

Ekki var spurt beint um líðan en margar spurningar sem spurt var um í könnunum á þessum vetri gefa vísbendingar um líðan nemenda

- 74,11% finnst að í kennslustundum sé vinnufriður og agi góður eða til fyrirmyndar.
- 83,67% telja viðmót kennara gott eða til fyrirmyndar
- 80,64% finnst samskipti nemenda innbyrðis mjög góð eða fremur góð




6.5. Kennslukönnun (áfangamat)

Á árinu var framkvæmt áfangamat hjá öllum kennurum. Niðurstöður fóru til kennara sem matið beindist að og til skólameistara. Hver kennari fær sínar niðurstöður og einnig samanburð við heildarniðurstöður. Gögnin eru nýtt af kennurum og einnig í starfsmannaviðtölum. Umræður fara fram á kennarafundum, milli einstakra kennara og stjórnenda. Áfangamatið er ætlað kennurum til aðstoðar við að meta stöðu sína. Skólameistari fær eintak af öllum könnunum og niðurstöðum þeirra. Í starfsmannaviðtölum kemur áfangamatið einnig til umræðu.

Í heildina séð voru nemendur almennt ánægðir með kennsluna. Áfangamatið samanstendur af átta spurningum þar sem nemandinn á að velja eitt svar af 4 til að meta tiltekna þætti áfanga. 77,55% nemenda finnast þeir þættir sem metnir eru í áfangamatinu góða eða til fyrirmyndar.

6.6. Niðurstöður áfangamats:

Áfangamatið samanstendur af átta spurningum þar sem nemandinn á að velja eitt svar af 4 til að meta tiltekna þætti áfanga. 77,55% nemenda finnast þeir þættir sem metnir eru í áfangamatinu góða eða til fyrirmyndar. Við sjáum að áfangamatið kemur mun betur út núna heldur en fyrri ár og má það líklega þakka námsskjánum. Nemendur eru mun meðvitaðri hvers krafist er af þeim. Einnig getur verið að kennslufræðinámskeið sem kennarar fóru í gegnum sé að skila sér en þar var mikil áhersla lögð á að nemendur hefðu eitthvað um áfangana að segja að sjálfræði væri ekki tekið af þeim þegar þeir koma inn í kennslustofuna.



6.7. Könnun á mannauði


Gerð var könnun á umhverfi ríkisstarfsmanna á vorönn 2007.

6.7.1. Niðurstöður

Í könnunni þá er einstaka þáttum gefin einkunn á kvarðanum 1-5.


6.7.1.1. Ánægja starfsmanna

Starfsmenn Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum gefa starfsánægju einkunnina 4,24 sem er heldur hærra en hjá öðrum opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Starfsandi fær einkunnina 4,09 sem er einnig heldur hærri einkunn en hjá öðrum opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Hollusta fær einkunnina 3,73 sem einnig er heldur hærri einkunn en önnur opinber fyrirtæki og stofnanir fá.




6.7.1.2. Upplýsingastreymi

Starfsmenn Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum gefa þessum þætti einkunnina 3,49 sem er heldur lægra en hjá öðrum framhalds- og háskólum.



6.7.2. Viðhorf til vinnustaðarins

Starfsmenn skólans hafa almennt jákvætt viðhorf til vinnustaðarins og starfsmannavelta er mjög lítil. Við viljum vita hvaða viðhorf aðrir bæjarbúa hafa til vinnustaðarins og var ákveðið að gera könnun á meðal bæjarbúa. Spurt er á meðal íbúa í Vestmannaeyjum telur þú að það sé almennt gott eða slæmt að vinna hjá Framhaldskólanum í Vestmannaeyjum.




7. Greining tölfærðilegra gagna

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Árangur allra nemenda skólans var einnig skoðaður og hversu vel eða illa þeir mættu í tíma á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru til umfjöllunar á sérstökum fundum,

7.1. Mætingar nemenda

<p>Mætingarhlutfallið var 84% og raunveruleg mæting 71,2%.</p> <p>106 (34,86%) nemendur fengu einingu fyrir mætingu.</p>	<p style="text-align: center;">Mætingar haust 2006</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Ástæða</th> <th>Prosent</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Mætt</td> <td>85%</td> </tr> <tr> <td>Seint</td> <td>7%</td> </tr> <tr> <td>Veikindi</td> <td>5%</td> </tr> <tr> <td>Leyfi</td> <td>2%</td> </tr> <tr> <td>Skröp</td> <td>1%</td> </tr> </tbody> </table>	Ástæða	Prosent	Mætt	85%	Seint	7%	Veikindi	5%	Leyfi	2%	Skröp	1%
Ástæða	Prosent												
Mætt	85%												
Seint	7%												
Veikindi	5%												
Leyfi	2%												
Skröp	1%												
<p>Mætingarhlutfallið var 84% og raunveruleg mæting 68%</p> <p>63 nemendur (24,32%) fá einingu fyrir mætingu.</p>	<p style="text-align: center;">Viðvera nema vor 2007</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Ástæða</th> <th>Prosent</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Mætt</td> <td>79%</td> </tr> <tr> <td>Seint</td> <td>7%</td> </tr> <tr> <td>Veikindi</td> <td>6%</td> </tr> <tr> <td>Leyfi</td> <td>7%</td> </tr> <tr> <td>Skröp</td> <td>1%</td> </tr> </tbody> </table>	Ástæða	Prosent	Mætt	79%	Seint	7%	Veikindi	6%	Leyfi	7%	Skröp	1%
Ástæða	Prosent												
Mætt	79%												
Seint	7%												
Veikindi	6%												
Leyfi	7%												
Skröp	1%												

7.2. Niðurstöður prófa



8. Samstarf við aðra skóla

FÍV var með á skólaárinu 2006-2007 nokkra nemendur grunnskólanna í Vestmannaeyjum í hraðferðaáföngum í ensku og stærðfræði, ENS103,203, STÆ103,203 og DAN 103,203. Lagt var upp með 12 nemendur og sóttu nemendur grunnskólans tíma með nemendum framhaldsskólans. Níu nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla á Hvolsvelli stunduðu fjarnám í byrjunaráföngum ensku, stærðfræði og dönsku.

Haustið 2006 var undirbúnings-/samráðsfundur í Frakklandi þar sem lögð voru á ráðin um nýtt Comeniusarverkefni og var umsókn send inn á vormánuðum. Eins var sótt um Nordplus junior styrk til nemendaskipta á næsta skólaári og fékkst styrkur að upphæð 72.250 sek.

Hópur nemenda ásamt kennurum frá Rekarnegegymnasíet komu í heimsókn í apríl 2007 og er þetta í þriðja skiptið sem við tókum á móti nemendum og kennurum frá þeim skóla.

9. Þróunarverkefni

Lokið var við verkefni sem fól í sér innleiðingu og þróun á sjálfsmatstæki skólans.

Sótt var um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsskóla um styrk til að þróa almennu námsbrautina og í maí lá fyrir samþykki um styrk að upphæð 1.000.000 til verkefnisins.

10. Samantekt og umbótaáætlun

Stefnuskrá skólans og sú framtíðarsýn er þar birtist er ljós og þeir þættir stefnuskrár er úttekt var gerð á eru í góðum farvegi. Við höfum lagt megináhersluna á viðskiptavinavíddina þetta árið en skólinn er mjög nemendamiðaður og viljum við að þeir fái sem besta þjónustu. Það er ljóst að næsta vetur þurfum við að leggja áherslu á að skoða innri ferlin og meta þau.

Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari
Baldvin Kristjánsson aðstoðarskólameistari
Helga Kristín Kolbeins áfangastjóri

